



Íþróttá- og tómstundastarf í Ísafjarðarbæ sumarið 2016



Körfuknattleiksdeild Vestra

Dagskrá körfuknattleiksdeildar Vestra verður með fjölbreyttasta móti í sumar. Fyrst er að telja hinar árlegu körfuboltabúðir á Ísafirði í byrjun júní sem nú eru haldnar í áttunda skipti. Uppselt er í búðirnar og hafa aldrei



fleiri verið skráðir til leiks. Búðirnar eru ætlaðar iðkendum á aldrinum 10-16 ára. Til hliðar við búðirnar verða svokallaðar Grunnbúðir sem ætlaðar eru 6-9 ára börnum. Þær fara fram dagana 2. - 4. júní kl. 13 - 14 í íþróttahúsinu á Austurvegi. Grunnbúðirnar eru einstakt æ k i f æ r i

Íþróttir- og tómstundir

1. tölublað, 9. árgangur

Útgefandi: Ísafjarðarbær

Sími: 450-8000

Veffang: www.isafjordur.is

Netfang: info@isafjordur.is

Ritstjórn: Esther

Arnórsdóttir

Umbrót: Hálfván Bjarki

Hálfvánsson

Prentun: VA

Forsíðumynd: ÁGA


stóru búðanna. Skráning fer fram á staðnum á fyrsta degi búðanna, fimmtudaginn 2. júní. Gjaldið fyrir þrjá daga er 5.000 kr.

Boðið verður uppá tvö sumarnám-skeið fyrir börn fædd 2007-2010 og fara þau fram í íþróttahúsinu á Torfnesi kl. 13.00 - 14.30 fimm daga í senn. Hið fyrra verður dagana 27. júní - 1. júlí en hið síðara 8. - 12. ágúst. Námskeiðin eru jafnt sniðin að þörfum byrjenda sem þeirra sem komnir eru með grunn í körfu. Skráning fer fram á netfanginu bil@snerpa.is. Upplýsingar um verð og annað má einnig nálgast þar.

Sumaræfingar yngri flokka Vestra verða á Torfnesi síðdegis á þriðjudögum og fimmtudögum í sumar og eru þær ætlaðar iðkendum í minnibolta eldri og uppúr. Nánari upplýsingar um æfingatíma má nálgast á Facebook síðu yngri flokkanna, „KFÍ yngri flokkar“. Frekari upplýsingar um sumardagskrá Körfuknattleiksdeildar Vestra veitir Birna Lárusdóttir, formaður barna- og unglingaráðs, í síma 896-3367.

Sumarlestur á Bókasafninu

Bókasafnið verður með sumarlestur fyrir börn í 1. - 6. bekk. Til að vera með koma börnin á bókasafnið með skirteinið sitt, fá lestrarþépa og bækur að láni. Fyrir hverja bók sem þau lesa er settur miði í lukkupott sem dregið



SAFNAHÚSIÐ EYRARTÚNI

GAMLA SJÚKRAHÚSIÐ

ÍSAFJÖRÐUR CULTURE HOUSE

OPIÐ VIRKA DAGA

KL. 13.00 - 18.00

LAUGARDAGA

KL. 13.00 - 16.00

OPEN

MONDAY - FRIDAY 13.00 - 18.00

SATURDAY 13.00 - 16.00

BÓKASAFN - LIBRARY - LISTASAFN - ART COLLECTION
LJÓSMYNDASAFN - PHOTO COLLECTION - SKJALASAFN
ARCHIVES - NETAÐGANGUR - INTERNET ACCESS

facebook.

www.safn.is



er úr á uppskeruhátíð í lok sumars. Öll börn sem hafa tekið þátt fá glaðning. Starfsfólk aðstoðar við að finna skemmtilegar bækur og við hvetjum foreldra til koma með börnunum á bókasafnið. Sumarlesturinn stendur yfir 30. maí - 20. ágúst.

Héraðssamband Vestfirðinga

Í júní býður HSV upp á íþrótt- og leikjanámskeið fyrir börn sem eru að ljúka 1.-4. bekk í grunnskóla. Námskeiðin verða þrjú, öll í júní og stendur hvert námskeið í eina viku. Fyrsta námskeiðið hefst mánudaginn 6. júní. Námskeiðið er alla virka daga frá kl. 9-12 og er mæting við Íþróttahúsið á Torfnesi. Krakkarnir geta fengið vistun frá kl. 8:30 án skipulagðrar dagskrár. Umsjónarmenn eru Anna Soffía Sigurlaugsdóttir íþróttifræðingur og Sigríður Guðjónsdóttir íþróttifræðingur. Leikjanámskeiðið verður með

fjölbreyttu sniði, farið verður í leiki, fjöruferðir, hjólaferðir, fjallgöngur, sund, ýmsar íþróttagreinar reyndar og margt fleira. Nesti verður tekið um miðjan morgun og koma allir með hollt og gott nesti að heiman. Hægt er að velja um að vera 1, 2, eða 3 vikur. Ef valdar eru fleiri en ein vika þá þurfa þær ekki endilega að vera samliggjandi, t.d. er hægt að vera fyrstu vikuna og svo síðustu.

Verð fyrir leikjanámskeiðið er eftirfarandi: 1 vika kostar 5000 kr. 2 vikur



kosta 8000 kr. 3 vikur kosta 12.000 kr. Vegna fyrirspurna er rétt að taka fram að öll börn eru velkomin á námskeiðið, búseta á starfsvæði HSV er ekki skilyrði. Nánari upplýsingar veitir Salóme Elín Ingólfsdóttir í síma 896-4668 eða í gegnum netfangið ithrottaskoli@hsv.is Frekari upplýsingar um leikjanámskeiðið er hægt að nálgast á heimasíðunni www.hsv.is og á facebook-síðunni „Íþróttaskóli HSV“

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar verður með Bogfimi fyrir alla aldurshópa og skotfimi fyrir 15 ára og eldri í sumar. Nánari upplýsingar verða í boði á Facebook síðunni „Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar“.

Sæfari

Siglinga- og útivistarnámskeið á vegum Sæfara fyrir krakka á aldrinum 9-14 ára verða í sumar og verða alls



fimm námskeið. Námskeiðin verða 20. - 24. júní, 27. júní - 1. júlí, 4. - 8. júlí, 11. - 15. júlí og 18. - 22. júlí. Námskeiðin eru frá kl 08 -12. Umsjónarmaður með námskeiðunum er Guðrún Jónsdóttir og er þátttökugjald 15.000 kr. Hægt er að skrá krakkana á netfangið soprna@snerpa.is eða í síma 863-1649.

Fótboltadeild Vestra

Fótboltadeild Vestra verður með 13 flokka í gangi sumarið 2015, frá meistaraflökki karla og kvenna niður í 8. flokk stráka og stelpna. Meistaraflokk-



ar karla og kvenna munu æfa á fullu sem fyrr enda bæði lið í 1. deild Íslandsmótsins. 2. - 5. flokkar karla og kvenna verða á 3 - 4 æfingum í viku. Æfingar í 8. flokki eru aðeins öðruvísi, en 8. flokkur æfir tvisvar í viku. 8. flokkurinn er ætlaður krökkum sem eru á næstsíðasta og síðasta ári í leikskóla og er þar lögð áhersla á hreyfingarska og almenna líkamsrækt en þó mest rækt lögð við boltaleiki. Allir flokkar munu taka þátt í mótum þetta sumarið, hvort sem um er að ræða innanfélagsmót eða stærri mót, og verður nákvæmt yfirlit yfir þau á heimasíðu félagsins. Upplýsingar um æfingar og annað starf félagsins verður að finna á heimasíðu þess, hsv.is/bi.

Íþróttafélagið Stefnir á Suðureyri

Sumarstarf Stefnis verður með hefðbundnum hætti í sumar og boðið verður upp á skemmtileg námskeið. Stefnt er að því að vera með sundnámskeið í Suðureyrlaug í júní í alls 10 skipti fyrir 4-12 ára börn. Einnig ætlum við að bjóða upp á leikjanámskeið í júní fyrir krakka á aldrinum 7-13 ára. Boðið verður upp á útifótbolta tvisvar í viku þá bæði fyrir börn og unglíng. Þessir tímar verða auglýstir betur þegar nær dregur.



Í sumar verðum við með leikjakvöld einu sinni í mánuði, en á leikjakvöldum er farið í skemmtilega leiki með krökkunum. Einnig ætlum við að húa í krakka og fullorðna til að spila úti-blak þegar vel viðrar. Að lokum verður boðið upp á gönguferð fyrir börn og foreldra, en hún verður auglýst nánar þegar nær dregur. Að venju verðum við með víðavangs-

hlaup 17. júní kl. 11:00. Hlaupið verður frá Kleifinni í Súgandafirði, 2 km. Allir eru hvattir til að taka þátt í þessu skemmtilega hlaupi sem er fyrir alla aldurshópa.

Allar nánari tímasetningar og verð á námskeiðin verða auglýst í væntanlegu fréttabréfi Stefnis.

Skráning verður hjá Þorgerði (899-9562) og Svövu Rán (895-1780).

Riddarar Rósu

Æfingar hjá Riddurum Rósu eru fyrir alla sem vilja kynnast hinni frábæru hlaupaíþrótt. Við hittumst við íþróttahúsið á Torfnesi á mánudögum og fimmtudögum klukkan 18.15 og á laugardögum klukkan 9.30. Hópnun er skipt í þrennt eftir getu þannig að



allir ættu að finna sinn stað á æfingunum. Martha Ernsts dóttir sendir hópnum prógramm sem reyndir hlauparar

fara í gegnum og aðstoða þá sem eru nýir.

Sumargjaldið hjá okkur er aðeins 9.000 kr. og er tímabilið til 1. nóvember.

Nánari upplýsingar eru á Facebook síðunni „Riddarar Rósu Ísafirði“, en einnig er hægt að fá upplýsingar á hagu@centrum.is. Riddarar sjá einnig um Hlaupahátíð á Vestfjörðum sem verður haldin 15. - 17. júlí nk. en allar upplýsingar um hana eru á hlaupahatid.is. Hvetjum alla til að mæta og taka þátt í skemmtilegum félagsskap.

Vinnuskólinn

Vinnuskóli Ísafjarðarbæjar verður starfræktur í sumar í tveimur deild-



um, á Ísafirði og á Þingeyri. Yfirstjórn hans verður að Austurvegi 9 á Ísafirði og yfirflokkstjóri í júní er Esther Ósk Arnórsdóttir en Eva María Einars-

dóttir í júlí. Flestir stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðinum í vinnuskólanum. Foreldrar, starfsmenn og aðrir þurfa að vera virðingu fyrir þessari vinnu og því sem þar fer fram. Enginn



fæðist sérfræðingur, en markmiðið okkar allra er að undirbúa börnin til þátttöku í atvinnulífinu. Hægt er að fá vinnuskólann til að sinna almennri garðavinnu og slætti gegn vægu gjaldi og er best að snúa sér til yfirflokkstjóra í síma 450-8052 eða í gegnum netfangið vinnuskoli@isafjordur.is til þess að óska eftir þjónustu.

Rauði krossinn

Rauði krossinn á norðanverðum Vestfjörðum heldur námskeiðið „Mannúð og menning/Gleðidagar“ í Barnaskólanum í Hnífsdal. Námskeiðið er ætlað börnum á aldrinum 6-9 ára. Á námskeiðinu er lögð áhersla á fræðslu og leiki í tengslum við hugsjónir Rauða

Sundlaugar Ísafjarðarbæjar

Ísafjörður:

Virkir dagar	10.00-21.00
Helgar	10.00-17.00
Allir rauðir dagar (nema 17. júní, þá er lokað)	10.00-17.00

Flateyri:

Virkir dagar	10.00-20.00
Helgar	11.00-17.00
Allir rauðir dagar (nema 17. júní, þá er lokað)	11.00-17.00

Pingeyri:

Virkir dagar	08.00-20.00
Helgar	10.00-18.00
Allir rauðir dagar (nema 17. júní, þá er lokað)	10.00-18.00

Suðureyri:

Allir dagar	11.00-19.00
-------------	-------------

Sumaropnun hefst 2. júní, nema á Pingeyri þar sem sumaropnun hefst 7. júní



VERÐ:

Fullorðnir:

Stakur miði	590
10 miða kort	4.700
30 miða kort	10.800
Árskort	16.500

Börn 6-18 ára og aldraðir/öryrkjar:

Stakur miði	300
10 miða kort	2.350
30 miða kort	5.400
Árskort	3.100

Hægt er að fá leigðan sundfatnað og handklæði.

krossins um mannúð og óhlutdrægni. Börnin fá einnig innsýn í skyndihjálp, fjölmenningu og umhverfisvernd. Eldri borgarar koma í heimsókn og farið verður í útileiki og vettvangsferðir. Boðið er upp á tvö tímabil: 4.-8. júlí kl. 10-15 og 11.-15. júlí kl. 10-15.



Námskeiðsgjald er 2.500 kr. og þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti og vera vel klæddir. Umsjónarmenn námskeiðsins eru Margrét Heiða Magnúsdóttir, tómstunda- og félagsmálafræðingur, og Elín Sveinsdóttir, leikkona og meistaranemi í listkennslu. Skráning sendist á netfangið mh5@hi.is eða í síma 847-8424.

Sumarbúðir í Holti í Önundarfirði

Sumarbúðirnar vinsælu í Friðarsetrinu að Holti í Önundarfirði verða á sínum stað í sumar.

Dagana 6. -10. júní munum við sprengja skemmtiskalann fyrir káta krakka á aldrinum 10 - 13 ára (börn fædd 03-'06).

Sumarbúðirnar í Holti hafa um ára raðir verið vinsælar meðal vestfirskra krakka og vonum við að við sjáum „gamla“ gesti og „nýja“ í búðunum í ár. Verð fyrir dvölinu er 23.000 kr. á barn og er allur kostnaður, ferðir í búðum og matur innifalinn í verðinu. Meðal þess sem er á dagskránni í ár eru kayakferðir, kastalakeppni, sund, sveitaferð, spunanámskeið, bíókvöld og svo ótal margt fleira. Umsjónarmenn sumarbuðanna eru þau Lísbet Harðardóttir, Fjöltnir Ásbjörnsson og Ólöf Hugrún Valdimarsdóttir.

Fyrir nánari upplýsingar og skráningu barna í sumarbuðirnar má nota netfangið lisbet.burid@gmail.com eða hringja í síma 697-4833. Einnig er hægt að senda skilaboð á Facebook.



Einnig má gerast vinur Sumarbúðanna í Holti á Facebook til að fylgjast með og senda okkur skilaboð í gegnum síðuna.

Allir með strætó

Strætisvagnar Ísafjarðarbæjar verða á ferðinni mánudaga t.o.m. föstudaga í allt sumar.

Verð í vagnana eru eftirfarandi: Fullorðnir: 350 kr., elli- og örorkulífeyrisþegar: 210 kr. Börn á grunnskólaaldri eru undanþegin greiðslu. 25 miða afsláttarkort eru seld um borð í vögnunum og á skrifstofu Ísafjarðarbæjar. Þau kosta: Fullorðnir: 6.550 kr., elli- og örorkulífeyrisþegar: 3.950 kr.

Ísafjörður - Suðureyri

Ísafjörður- Suðureyri:	Suðureyri- Ísafjörður:
06.30	07.25
15.10	15.45
17.10	17.35

Miðbær - Holtahverfi

Miðbær- Holtahverfi:	Holtahverfi- Miðbær:
11.00	07.20
14.00	07.40
15.10	14.20
16.45	16.55
17.10	
18.00	

Þingeyri - Ísafjörður

Þingeyri- (Flateyri)- Ísafjörður	Ísafjörður- (Flateyri)- Þingeyri
06.55	11.00
12.30	15.05
16.10	18.00

Flateyri - Ísafjörður

Flateyri- Ísafjörður:	Ísafjörður- Flateyri:
07.25	11.00
13.00	15.05
16.40	18.00

Miðbær - Hnífsdalur

Ísafjörður- Hnífsdalur:	Hnífsdalur- Ísafjörður:
07.30	07.40
14.00	14.15
14.40	14.50
16.25	16.35
18.00	18.15

Viðburðir í bænum í sumar

Eins og venjulega verða nokkrar bæjarhátíðir og íþróttamót haldin í Ísafjarðarbæ í sumar. Hér verður greint frá þeim helstu:

17. júní: Þjóðhátíðarsamkoma á Hrafnseyri.

17. júní: Þjóðhátíðarasamkoma á Ísafirði og viðburðir víðar í sveitarfélaginu. Nánar auglýst síðar.



23. - 25. júní: LÚR-festival. Menningarhátíð ungs fólks.

1. - 3. júlí: Dýrafjarðardagar Hátíð með víkingablæ.

7. - 10. júlí: Sæluhelgin á Suðureyri Ein elsta bæjarhátíð landsins, Sæluhelgin á Suðureyri, er hátíð fyrir alla fjölskylduna.

14.-17. júlí Afmælishátíð í Ísa-fjarðarbæ. Urmull viðburða sem verða nánar auglýstir síðar.

15.-17. júlí: Hlaupahátíð í Ísafjarðarbæ; Óslíðarhlaupið, Vesturgatan, skemmtiskokk og Svalvogahjólreiðar.

15.-16. júlí: Félagsmót Storms Gæðingakeppni, kappreiðar og útreiðartúr.

29. - 31. júlí: Mýraboltinn Evrópumeistaramót í mýrabolta.

30. júlí: Sandkastalakeppni Sandkastalakeppni í Önundarfirði.

10. - 13. ágúst: Act alone Leiklistarhátíð á Suðureyri. Fjöl-margir áhugaverðir einleikir í boði.



3. september: Þríþraut Vasa2000 Þríþrautarmót Vasa2000 hópsins. Sund, hjólreiðar og hlaup.



**Foreldrar
verum samtaka**



Útivistarreglurnar

Á skólatíma
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

Á sumrin
(1. maí til 1. september)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 22

13 – 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 24

Foreldrar og forráðamenn hafa fullan rétt til að stytta þessa tíma. Útivistarreglurnar eru samkvæmt barnaverndarlögum og mega börn ekki vera á almannafæri utan ofangreinds tíma nema í fylgd með fullorðnum. Bregða má út af reglunum þegar börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár.

SAMAN

samanhopurinn.is



Ríkislögreglustjórnin